

Fundargerð 39. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 20. október 2017, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Berglind Kristinsdóttir, Guðjón Þ. Kristjánsson, Ásgeir Eiríksson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Sverrir Guðmundsson og Sigrún Elefsen

Starfsmenn: Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Gunnar H. Garðarsson

Við upphaf fundar minntust fundarmenn Magneu Guðmundsdóttur. Magnea kom að stofnun Reykjanes Geopark fyrir hönd Bláa Lónsins, sat í undirbúninghópi að stofnun jarðvangs á Reykjanesi og síðar í stjórn. Stjórn Reykjanes Geopark sendir aðstandendum, vinum og samstarfsfólki hennar dýpstu samúðarkveðjur.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Kjartan Már Kjartansson kjörinn formaður stjórnar og Magnús Stefánsson varaformaður.

2. Starfs- og fjárhagsáætlun 2018

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 samþykkt samhljóða með breytingum.

3. Umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða

Umsóknir um styrki í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða lagðar fram. Verkefnastjóra falið að sækja um styrki til skipulags- og hönnunarvinnu við Garðskagavita og Hvalsneskirkju, stígagerð við Reykjanesvita auk framkvæmda við hjólreiðastíg milli Voga og Reykjanesbæjar.

4. Erindi frá Hollvinasamtökum Reykjanesvita

Lagt fram erindi frá Hollvinasamtökum Reykjanesvita. Samtökin hafa áhuga á að leigja Reykjanesvita af Vegagerðinni og opna fyrir almenningi. Óskað er eftir milligöngu Reykjanesbæjar og/eða Reykjanes Geopark til þess að af því geti orðið. Stjórnin leggur til að Reykjanesbær verði leigutaki á Reykjanesvita.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:35.

Fundargerð ritaði: ESJ